

Hreppsnefnd Langanesbyggðar kom saman til fundar miðvikudaginn 18. febrúar 2009 kl. 16:00 í félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, oddviti, Aðalbjörn Arnarsson, Hulda Sigurðardóttir, Árni Davíð Haraldsson, Hilma Steinarsdóttir, Þórir Jónsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir og Björn Guðmundur Björnsson, fulltrúi sveitarstjóra, sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd 04.02.09 (*Lögð fram*).
- Íþrótt- og tómstundanefnd 05.02.09
Eyþór kom á fundinn og gerði grein fyrir stöðu gufubaðsmála. Hreppsnefnd óskar eftir því að ÍTN ásamt forstöðumanni Vers kynni sér allt varðandi tryggingarmál almennt við íþróttaiðkanir utan skólatíma. Samþykkt samhljóða
Fram kom tillaga um að í stað þess að brugðist verði sérstaklega við aðgengi atvinnulausra að sundi verði íbúum Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps, 12 ára og yngri, framvegis boðið upp á aðgengi að sundi án endurgjalds. Samþykkt samhljóða

Fundargerð samþykkt samhljóða

- Atvinnumálanefnd 10.02.09
Samþykkt að úthluta áhugahópi um varðveislu fuglasafnsins frá Þorvaldsstöðum aðstöðu í húsnæði sveitarfélagsins er tengist hreppsskrifstofunni á Bakkafirði. Úthlutun er háð því að heilsugæslan muni ekki nýta húsnæðið í framtíðinni og er til bráðabirgða eða þar til varanlegt og hentugra húsnæði fæst.

Fundargerð samþykkt samhljóða

- Fræðslu- og menningarnefnd 10.02.09 *Lögð fram og samþykkt samhljóða.*
- Húsnæðisnefnd 12.02.09
Samþykkt að ganga að tilboði Steinunnar Leósdóttur í Bakkaveg 5 að fjárhæð kr. 7.500.000,- og sveitarstjóra veitt umboð til að undirrita, fyrir hönd Langanesbyggðar, öll nauðsynleg skjöl vegna viðskiptanna.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

- Fræðslu- og menningarnefnd 13.02.09 .
Samþykkt að fræðslu- og menningarnefnd ráðstafi kr. 150.000,- til menningarmála á árinu og skal fjárhæðinni ráðstafað af heildarfjárhæð sem ætlað er til íþrótt- og æskulýðsmála í fjárhagsáætlun 2009. Íþrótt- og tómstundanefnd fái jafn háa fjárhæð til ráðstöfunar sem tekin skal af sama lið í fjárhagsáætlun 2009. Báðar nefndir ráðstafi umræddum fjármunum í samvinnu við æskulýðs- og menningarfulltrúa Langanesbyggðar.

Fundargerð samþykkt samhljóða

2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Eyþing / SSA – Samráðsfundur 19.01.09 (*Lögð fram*).
- HNE – 116. fundur 22.01.09 (*Lögð fram*).
- Héraðsnefnd Þingeyinga – Fundur 06.02.09 (*Lögð fram*).
- Eyþing – Samráðsfundur forsvarsmanna sveitarfélaga 17.12.08 (*Lögð fram*).

3. Skýrsla sveitarstjóra.

Skýrsla sveitarstjóra var lögð fram og fulltrúi sveitarstjóra svaraði fyrirspurnum hreppsnefndarfulltrúa.

4. Innsend erindi.

Til kynningar:

- Vopnafjarðarhreppur – Sameiginlegur fundur vegna framhalds Drekasvæðisverkefnis.
Fram kom að hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps leggur til að sameiginlegur fundur sveitarstjórna verði haldinn samhliða aðalfundi Drekasvæðis ehf. Samþykkt samhljóða að viðhafa það fyrirkomulag og að bjóða upp á að slíkur fundur verði haldinn á Þórshöfn.
- Umhverfisstofnun – Endurskoðun starfsleyfis eða lokun urðunarstaðar á Þórshöfn.
Erindinu vísað til USB-nefndar til kynningar og afgreiðslu. Samþ. samhljóða

Til afgreiðslu:



- Samband íslenskra sveitarfélaga – XXIII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Fram kom tillaga um að skipan aðal- og varafulltrúa Langanesbyggðar á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga verði áfram óbreytt. Samþykkt að aðal- og varamaður sæki, fyrir hönd Langanesbyggðar, landsþing Sambandsins sem haldið verður í Reykjavík 13. mars nk.,
Fundur í veiðifélagi Hafralónsár – Tilnefning fulltrúa.
Fram kom tillaga um að Þórir Jónsson verði fulltrúi Lungunesbyggðar á aðal- og hugsanlegum aukafundi veiðifélags Hafralónsár. Varafulltrúi verði Aðalbjörn Arnarsson. Samþykkt með fimm atkvæðum og tveir sátu hjá.
- Framsýn stéttarfélag Þingeyinga – Athugasemdir vegna afleysinga sumarið 2008.
Samþykkt að vísa erindinu til umfjöllunar og afgreiðslu á lokuðum fundi sem hefst strax að afloknum reglulegum fundi hreppsnefndar.
- Skóladeild Akureyrar – Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.
Samþykkt að vísa erindinu til umfjöllunar og afgreiðslu á lokuðum fundi sem hefst strax að afloknum reglulegum fundi hreppsnefndar.


5. Álagningarákvæði Langanesbyggðar – Leiðrétting.

Gerð var grein fyrir því að við afgreiðslu álagningarákvæða Langanesbyggðar á hreppsnefndarfundi 04.02.09 hefði fyrir mistök verið samþykkt að Fasteignaskattur C fyrir árið 2009 skuli vera 0,8% af heildarálagningarstofni. Hið rétta er að Fasteignaskattur C fyrir árið 2009 skal vera 1,32%. Samþykkt samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:52


Hilma Steinarsdóttir
Arni Davíð Jónsson



Þórir Jónsson
Nanna Hósculdsdóttir
